

# EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	8.12.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigríður Kristjánsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ásbjörn einarsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð og engar athugasemdir gerðar. SORPA hefur nú starfað eftir nýju starfsleyfi síðan í ágúst. Rekstur hefur verið stöðugur. Móttaka og skráning úrgangs, sem og eftirlit með innkomnum úrgangi sem berst til urðunar í Álfsnesi hefur þróast með jákvæðum hætti. Allir úrgangsfarmar eru nú myndaðir og aukin sjónskoðun hefur leitt til þess að frávikum frá móttökuskilyrðum fyrir úrgang til urðunar, hefur fækkað.

## UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var sem hér segir:

- Mælingar í Álfsnesi 2014 og staðsetning nýrra grunnvatnshola.
- Starfsemi í Álfsnesi 2014
- Móttaka og skráning úrgangs. Eyðublöð f. úrgangshafa og móttaka úðaðs (lyktarhemjandi) úrgangs
- Yfirferð yfir síðustu eftirlitsskýrslu og kvartanir óhöpp eða þ.h. ef svo ber undir Eftirlitsskoðun

1. Ásbjörn Einarsson kynnti eftirlitsmælingar ársins, bæði hauggasmælingar og mælingar á sig- og grunnvatni. Breytileiki niðurstaðna er ávallt nokkur enda eru áhrifaþættir ótal margir. Ekki er hægt að sjá neikvæða þróun í niðurstöðum, þ.e. óvenjulega há gildi mengunarefna.

Rætt var um sýnatökubrunna fyrir grunnvatn en skilyrt er skv. starfsleyfi að mæla stöðu og samsetningu grunnvatns í brunnum Án-2, Án-4, Án-5, Án-9 og Án-10. Að auki skal mæla grunnvatnsstöðu í 4 nýjum brunnum. Í ár var mæld efnasamsetning grunnvatns í holum Án-4, Án-9 og Án-10 Ekki var hægt að mæla efnasamsetningu í holum Án-2 og Án-5 vegna mikillar gróðurmyndunar og lífrænna efna. Í staðinn var, í samráði við eftirlitsaðila, mæld efnasamsetning í holu Án-11 sem er nýr mælingapunktur. Sorpa hefur sent eftirlitsaðila tillögur að nýjum sýnatökuholum fyrir grunnvatn.

2. Sorpa hefur nú starfað eftir nýju starfsleyfi síðan í ágúst. Töluverðar breytingar fylgja nýju starfsleyfi og er Sorpa að aðlagast þeim kröfum. Móttaka á lífrænum úrgangi mun alfarið færast í Gými í desember. Þá er eingöngu tekið við þvegunum ristarúrgangi til að minnka möguleika á lyktarmengun. SORPA hefur látið gera nýja íbúakönnun sem verður kynnt fljótlega.

3. Allur úrgangur sem kemur inn er vigtaður, skráður og myndaður. Úrgangshafa ber að gera grein fyrir eiginleikum þess úrgangs sem þeir koma með til SORPU. SORPA hefur einnig heimildir til að láta gera rannsóknir á þeim úrgangi sem tekið er við í Álfsnesi enda ber SORPA sem móttökuaðili ábyrgð á úrganginum eftir að tekið hefur verið við honum. Myndataka hefur reynt SORPU vel við móttöku úrgangs. Með þeim hætti hefur sjónskoðun farma eflst og frávikum frá móttökuskilyrðum hefur fækkað. Þannig fer flokkun úrgangshafa batnandi enda fylgir röngum úrgangsupplýsingum eða lélegri flokkun hærra gjald.

Rætt var um möguleika SORPU til að hafa eftirlit með innihaldi úrgangsbagga sem berast og eins hvort þeir hafi verið úðaðir með lyktarhemjandi efnum eins og skilyrt er í grein 3.2 í starfsleyfi SORPU. Umhverfisstofnun minnir á í þessu sambandi, 9. grein reglugerðar um urðun úrgangs, en þar kemur fram að úrgangshafi, sem kemur með úrgang til móttöku, skal sýna fram á með viðeigandi gögnum að umræddur úrgangur sé tækur til urðunar og uppfylli viðmiðanir móttökuaðila. SORPA getur í þessu sambandi krafist skriflegrar staðfestingar á ofangreindu. Þá benti Umhverfisstofnun á eyðublöð fyrir úrgangshafa sem notuð hafa verið hjá SYSAV

(Syðskånes avfallsaktiebolag).

4. Engin óhöpp hafa orðið síðustu mánuði. Færri kvartanir vegna lyktar hafa borist undanfarna mánuði miðað við fyrri hluta ársins. Rekstur hefur verið stöðugur.

Ekið var um urðunarsvæðið, skoðaðar voru framkvæmdir við lokaða móttöku á lífrænum úrgangi. Engin frávik voru skráð og engar athugasemdir gerðar.

#### **ANNAÐ**

SORPA hefur látið gera rannsóknir á innihaldi/samsetningu bagga sem berast til SORPU í Álfnes. Niðurstöður hafa verið sendar til Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 30.01.2015



Sigríður Kristjánsdóttir

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.